



FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS 2020

Mánudaginn 15. júní 2020 kl. 11:15 var aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands haldinn á Hótel Hamri í Borgarbyggð.

Mætt voru:

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga frá:

Akranesi
Hvalfjarðarsveit
Borgarbyggð
Skorradalshreppi
Eyja- og Miklaholtshreppi
Snæfellsbæ
Grundarfjarðarbæ
Stykkishólmsbæ
Helgafellssveit
Dalabyggð

Stjórnarmenn:

Ólafur Adolfsson, Akranesi
Jakob Björgvin Jakobsson

Starfsmenn HeV: Ása Hólmarsdóttir og Árni Gunnarsson

Ólafur Adolfsson formaður Heilbrigðisnefndar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Stakk hann upp á Björgu Ágústsdóttur sem fundarstjóra og var það samþykkt. Ása Hólmarsdóttir starfsmaður heilbrigðiseftirlits Vesturlands ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2019.

Ólafur Adolfsson, formaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2019.

Stjórn hélt 5 fundi á árinu, 3 í Hvalfjarðarsveit og 2 í síma. Starfsmannamál voru krefjandi á árinu og hélt stjórnin 4 lokaða fundi um starfsmannamál. Þess utan voru störf nefndarinnar að mestu hefðbundin, s.s. fjárhagsmál, afgreiðsla starfsleyfa og umsagnir. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir og hlaut annar þeirra fasta stöðu sem heilbrigðisfulltrúi.

Formaður lýsti þeirri skoðun sinni að breytingar á hlutverki og skipan heilbrigðiseftirlits Vesturlands verði óhjákvæmilegar, hvort sem horft verði til vilja stjórnvalda um breytta skipan eftirlits eða breytinga á núverandi skipan heilbrigðiseftirlitssvæða.

Skýrslan framlögð og verður send til sveitarstjórna á rafrænu formi.

2. Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2019.

Skýrslan er rituð af fráfarandi framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins og fór Ólafur Adolfsson formaður Heilbrigðisnefndar yfir helstu atriði í starfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands á síðasta ári.

Skýrslan framlögð og verður send til sveitarstjórna á rafrænu formi.

3. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2019.

Formaður kynnti ársreikning heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2019.

4. Umræður um skýrslu Heilbrigðisnefndar, heilbrigðiseftirlits og ársreikning 2019.

Engar ábendingar eða fyrirspurnir komu við skýrslu stjórnar og heilbrigðiseftirlits. Fundarstjóri lagði til að bókaðar yrðu þakkir til fráfarandi framkvæmdastjóra fyrir langt og farsælt starf og einnig að bókaðar yrðu þakkir til Heilbrigðisnefndar fyrir liðið starfsár.

Aðalfundurinn tekur undir orð formanns í skýrslu nefndar og þakkar Helga Helgasyni fyrir vel unnin störf í þágu heilbrigðiseftirlits og fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi í tæpa þrjá áratugi. Heilbrigðisnefnd eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf á liðnu ári.

Ársreikningur samþykktur samhljóða og verður sendur sveitarstjórnnum á rafrænu formi.

5. Önnur mál.

Stjórnarformaður lagði fram eftirfarandi tillögur:

a. Kosning nýrra fulltrúa í Heilbrigðisnefnd.

Ólafur Adolfsson, Akranesi hverfur úr stjórn heilbrigðisnefndar og varamaður hans Rúna Björg Sigurðardóttir Akranesi einnig. Þá hettir líka Heiður Björk Óladóttir Stykkishólmi sem varamaður Jakobs B. Jakobssonar Stykkishólmi.

Nýir fulltrúar í stjórn:

Karitas Jónsdóttir frá Akranesi er kjörin aðalmaður og Ingibjörg Valdimarsdóttir Akranesi til vara. Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir Stykkishólmi er kjörin varamaður.
Samþykkt samhljóða

b. Ákvörðun á starfskjörum Heilbrigðisnefndar

Tillaga frá formanni um að starfskjör nefndarinnar verði óbreytt þannig að laun stjórnar skuli áfram nema 2.5% af þingfarakaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 5% af þingfarakaupi á hvern stjórnarfund. 2. Laun stjórnarmanna fyrir aðra fundi sem sóttir eru skulu nema 1.66 % af þingfarakaupi. 3. Stjórnarmenn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað. Auk þess fá þeir greiddan helming af dagpeningagreiðslu (innanlands) fyrir hvern fund sem þeir sækja og Heilbrigðisnefnd samþykkir.
Samþykkt samhljóða.

Kosningu um a. lið frestað til kl. 14.50 vegna skoðunar á lögmati skipunar Heilbrigðisnefndar vegna kynjahalla.

Formaður þakkaði fundarstjóra fyrir góða fundarstjórn, óskaði nýjum fulltrúa í heilbrigðisnefnd til hamingjum með kjörið. Hann þakkaði starfsmönnum heilbrigðiseftirlits Vesturlands og stjórnarmönnum Heilbrigðisnefndar fyrir samstarfið og óskaði nefndinni velfarnaðar í sínum störfum á árinu.

Fundi slitið kl. 15.00.